



## ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

9. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn miðvikudaginn 17. apríl 2024 kl. 16:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir, formaður og Arna Þöll Sigmundsdóttir, forföll boðaði Herbert Hauksson. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu. Formaður setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

**1. 150 ára fæðingarafmæli Einars Jónssonar.**

Rætt um fyrirkomulag dagskrár þann 11. maí n.k. Texti á skilti er tilbúinn frá Sigurði Trausta Traustasyni, stjórnarformanni Listasafns Einars Jónssonar. Verið er að leita að myndum. Ragnhildur mun ræða við sr. Óskar vegna dagskrár í Hrepphóla kirkju og kirkjugarðinum og annað fyrirkomulag þar. Dagskrá yrði í Hrepphóla kirkju en síðan haldið til Flúða þar sem skilti um Einar Jónsson og Öldu aldanna yrði afhjúpað. Léttar kaffiveitingar í félagsheimilinu fyrir alla á eftir.

**2. Bréf frá Stjórnarráði Íslands frá 5. febrúar 2024.**

Í bréfinu er kynnt dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins og óskað samstarfs við sveitarfélög vegna þess.  
*Nefndin beinir því til 17. júní nefndar að tekið verði tillit til afmælis lýðveldisins við skipulagningu dagskrár á Þjóðhátíðardaginn.*

**3. Störf nefndarinnar.**

Formaður ræddi um skipulag og þá vinnu sem nefndarmenn leggja fram við undirbúning og framkvæmd viðburða í sveitarfélaginu en ljóst er að nefndarmenn leggja fram mjög mikla vinnu til dæmis við jólamarkað og uppskerudaginn svo fátt eitt sé talið.

*Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að vinnuframlag nefndarmanna við hvern stærri viðburð verði metinn sem einn fundur og greiddur sem slíkur.*

**4. Uppskeruhátíðin.**

Rætt um fyrirkomulag Uppskeruhátíðarinnar.

*Nefndin telur eðlilegt að þeir sem sjá um kaffisölu á uppskeruhátíðinni sjái jafnframt um skipulag sölubása í félagsheimilinu í samráði við nefndina.*

APS  
RSE

**5. 17. júní hátíðahöld Hrunamannahrepps.**

Formaður er Margét Sævarsdóttir sem er þá núna á sínu síðara ári í nefndinni. Nefndin mun leita til einstaklinga varðandi þátttöku í 17. júní nefndinni. Einnig verður rætt við Ungmennafélagið sem skipar þriðja aðilann í undirbúningsnefnd 17. júní.

**6. Gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2024.**

Árlega eru skipulagðar gönguferðir í Hrunamannahreppi sem henta fjölbreyttum hópi fólks. Er þetta 23 sumarið sem sjálfbóðaliðar skipuleggja skemmtilegar gönguferðir í Hrunamannahreppi.

*Nefndin þakkar Samúeli Unnsteini Eyjólfssyni, Þórunni Andrésdóttur, Else Nielsen og þeim fjölmörgu öðrum sem gert hafa göngur síðustu ára mögulegar fyrir þeirra góðu vinnu. Um leið lýsir nefndin yfir ánægju sinni með nýja stjórnendur þær Else Nielsen og Vigdisi Furuseð. Mun dagskrá sumarsins verða birt fljótlega.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:23**

Ragnhildur Stefania Eyjólfssyni  
Arna Þóll Sigmundsdóttir